



ALPÝÐUSAMBAND ÍS^{7/1057}

Alþingi

Erindi nr. P 130/1057

komudagur 5.4.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10 Reykjavík
150 Reykjavík

Reykjavík 30.3. 2004.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, 336. mál.

Alpýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, 336. mál.


Íslenskur markaður er lítill og hættan á ýmsum markaðsbrestum s.s. fákeppni, einokun og óæskilegum stjórnunar- og eignatengslum eru víða til staðar. Tvívegis hefur Samkeppnisstofnun gert skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, árin 1994 og 2000. Helstu niðurstöður skýrslunnar frá árinu 2000 voru m.a að:

- Eignarhald í stærstu fyrirtækjum landsins þróaðist þannig á árunum 1993 til 1999 að stærstu eigendur áttu stærri hlut í fyrirtækjunum árið 1999 en þeir áttu 1993.
- Fákeppni er áberandi í íslensku atvinnulífi.
- Þrátt fyrir einkavæðingu og sölu á fyrirtækjum ríkisins jókst hlutur ríkisins í atvinnulífinu, bæði að verðgildi og hlutfalli.
- Merki eru um að í atvinnulífinu séu "blokkir" fyrirtækja þar sem fyrirtæki í "blokk" tengjast eigna- og stjórnunarlega.
- Eignarhald er ekki eins gagnsætt og skyldi.

Í ljósi framangreindra niðurstaða telur Alpýðusamband Íslands mikilvægt að áfram verði fylgst með því hvernig stjórnunar- og eignatengslum í viðskiptalífinu er háttað. Einnig ber að hafa í huga að miklar breytingar hafa átt sér stað á eignarhaldi íslenskra fyrirtækja frá því að síðasta skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl var gerð.

Alpýðusambandið mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

F.h. Alpýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason

Hagfræðingur ASÍ